

161. þingflokksfundur, mánudaginn 2. maí. 2016 kl. 13.

Fundinn sitja: Aðalheiður, Ásta, Birgitta og Helgi Hrafn.
Berglind Rósa ritar fundargerð.

1. Fundargerðir

Fundargerðir 159. og 160. þingflokksfundar voru samþykktar.

2. Bréf af forsætisnefnd

Helgi Hrafn brífaði af fundi forsætisnefndar og fór yfir drög að dagskrá þingfunda í vikunni. Þingflokkurinn ræddi einnig um fyrirspurnir og framlagningu þingmála.

3. Fundur formanna með aðilum vinnumarkaðarins

Helgi Hrafn fer á fundinn sem verður haldinn miðvikudaginn 4. maí í Ráðherrabústaðnum.

4. Dagskráin í dag

Farið var yfir dagskrá þingfundar í dag.

5. Heimildarmynd

Aðalheiður svarar erindinu og biður um frekari upplýsingar.

6. Bændur óska eftir fundi með þingflokki Pírata

Berglind finnur hentugan fundartíma með fulltrúum frá Bændasamtökunum og Ástu Guðrúnu.

7. Fundur með forseta Eftirlitsstofnunar EFTA

Ákveðið var að Ásta fari sem fulltrúi þingflokksins á fundinn. Berglind hefur samband við viðkomandi.

8. Önnur mál

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14.30.